



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2537
komudagur 28.5.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Evu M. Ævarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. maí 2004

Sam 205/2004 ÞS/sp
Tilv.: 051

Efni: Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. maí var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. maí 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 934. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 934. mál

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggst gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Stjórnin leggur í fyrsta lagi til að í stað þess að sett verði sérstök lög um verndun vatnasviðs Þingvallavatns verði sett almenn lög um vatnsvernd. Telji Alþingi það hins vegar nauðsynlegt að setja sérstök lög um afmörkun og vernd vatnasviðs Þingvallavatns, en því verður ekki á móti mælt að hér er um mikilsverða hagsmuni að ræða, leggur stjórn sambandsins til að frumvarpinu verði breytt með þeim hætti að stóraukið verði hlutverk viðkomandi sveitarfélaga en að sama skapi dregið úr því hlutverki sem umhverfisráðherra er ætlað samkvæmt lögum.

Að gildandi lögum hafa sveitarfélög það hlutverk að annast gerð skipulagsáætlana og þar með að mynda stefnu um landnotkun, þróun byggðar og umhverfismál. Í þessum heimildum og skyldum sveitarfélaga felst að þau þurfa oft og tíðum að taka afstöðu til vatnsbúskapar og vatnsverndar innan sinna staðarmarka til framtíðar litið. Er ekki ástæða til að ætla annað en að sveitarstjórnarmenn taki fullt tillit til mikilvægis þeirra hagsmuna sem þeir fjalla um á hverjum tíma við gerð slíkra áætlana og jafnframt að þeir séu full færir um að meta á sem bestan hátt hvernig þeir hagsmunir skuli varðveittir og nýttir.

Sveitarfélög reka einnig umfangsmikið heilbrigðiseftirlit og hlutverk þeirra á sviði umhverfismála hefur aukist á síðari árum, bæði fyrir tilstuðlan Alþingis og að frumkvæði sveitarfélaga sjálfra. Frumvarp það sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir að ráðherra verði í raun falin leyfisveiting hvers konar framkvæmda innan vatnsverndarsvæðisins. Frumvarpið leggur hvorki sérstakar takmarkanir á þessar valdheimildir ráðherra né tryggir það áhrifavald viðkomandi sveitarfélaga á niðurstöðu ráðherra hverju sinni. Verður ekki betur séð en að hér sé um að ræða verulega skerðingu á valdheimildum þeirra sveitarfélaga sem lenda innan vatnsverndarsvæðisins. Gengur það gegn því viðhorfi sem ítrekað hefur verið haldið fram á síðari árum að nauðsynlegt sé að efla sveitarstjórnarstigið auk þess sem ekki verður séð hvaða rök standa til þess að fara þessa leið á þessu tiltekna landsvæði umfram önnur. Með frumvarpinu er í raun lýst vantrausti á þær sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli og ákvarðanavald sem almennt er í höndum sveitarstjórna fært til umhverfisráðherra. Sú þróun er afar óeðlileg, m.a. með vísan til þess mikilvæga hlutverks sem sveitarfélög gegna nú þegar við skipulag landnotkunar, náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda.

Stjórn sambandsins vill jafnframt benda á að hún telur að sú leið sem lögð er til í umræddu frumvarpi verði ekki rökstudd með vísan til laga nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, eða laga nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, enda er í báðum þeim lögum gert ráð fyrir mun meiri áhrifum og valdheimildum viðkomandi sveitarfélaga og héraðsnefnda heldur en gert er ráð fyrir hér.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. maí 2004

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri.